

Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 23. maí 2017  
UST201705-198/M.I.K.  
09.04.04

## Efni: Ástand friðlýstra svæða 2016, beiðni um umsögn

Umhverfisstofnun tók saman í fyrsta skipti árið 2010 svokallaðan rauðan lista yfir friðlýst svæði í hættu. Markmiðið með listanum var að greina hvar þurfi að forgangsraða auðlindum og kröftum til að koma í veg fyrir að svæði glati verndargildi sínu. Tekist hefur að afla fjármagns (m.a. úr framkvæmdarsjóði ferðamanna), útvega landvörslu, framleiða skilti og fara í framkvæmdir á mörgum þeirra svæða sem hafa lent á listanum. Nokkur svæði farið af lista vegna þeirrar vinnu og vænta má að fleiri fari af listanum á næstu árum ef fram fer sem horfir. Skýrslan kemur nú út í 4. skipti og er svæði í þínu sveitarfélagi á listanum í ár.

Við viljum gefa sveitarfélaginu tækifæri til rýna efni skýrslunnar og koma með ábendingar eða athugasemdir, ef þörf er á, áður skýrslan verður gefin út formlega. Þá væntum við og vonumst til góðs samstarfs í kjölfarið við að vernda og bæta ástand á þeim svæðum sem lentu á listanum.

Svör óskast send á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) fyrir 8. júní n.k. Hafa má samband við René Biasone, teymisstjóra vegna málsins ef einhverjar spurningar eru í síma 591-2000.

Virðingarfyllst  
f.h. René Biasone

Magnea I. Kristinsdóttir

